

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2011  
Tilvísun: 2011020017/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni umræddrar tillögu til þingsályktunar og fagnar almennt þeim áhuga sem framleiðslu og nýtingu innlends eldsneytis er sýndur. Hins vegar vill Orkustofnun koma á framfæri einstaka athugasemdum varðandi umrædda þingsályktunartillögu.

Í fyrsta lagi bendir Orkustofnun á að nú þegar er til umfjöllunar hjá Alþingi tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál, þar sem lagt er til að Alþingi feli iðnaðarráðherra að vinna að því að minnka hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkusparnaði. Þá skal samkvæmt tillögunni stefnt að orkuskiptum í samgöngum þar sem jarðefnaeldsneyti verði leyst af hólmi með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Að mati Orkustofnunar er hér um að ræða tvær tillögur til þingsályktunar sem stefna að sama markmiði, þ.e. að auka hlut innlends eldsneytis hér á landi. Í ljósi þessa telur Orkustofnun óheppilegt að með þessum hætti sé verið að fjalla um þetta brýna hagsmunamál á tveimur sviðum í stað þess að fjalla um það með einum heildstæðum hætti.

Í öðru lagi telur Orkustofnun að gert sé upp á milli tæknilausna með því að einblína um of á eina einstaka afurð innlends eldsneytis, þ.e. metan. Orkustofnun telur því heppilegra að hér á landi verði stuðlað að aukinni og markvissri eldsneytisframleiðslu og þannig leitast eftir aukinni framleiðslu á innlendu eldsneyti óháð því hvort um sé að ræða metan eða aðra annarra innlendra og endurnýjanlegra orkugjafa.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki frekari athugasemdir um framangreinda tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra



Lárus Ólafsson  
yfirlögfræðingur